

Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður.
Þórshamri v/Templarasund
101 Reykjavík

6. desember 1995

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Allsherjamefnd Alþingis hefur með bréfi dagsettu 8. nóvember 1995, sent Barnaheillum ofangreint frumvarp til umsagnar.

Evrópusamningur um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna, gerður í Lúxemborg 20. maí 1980 og samningur um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa, gerður í Haag 25. október 1980 (Haagsamningur) eru afrakstur alþjóða samvinnu um alþjóðasamninga til verndar börnum sem lenda í þeirri stöðu að verða þrætufni foreldra sem búa ekki í sama landi.

Almennt er viðurkennt að lögfesting Evróusamningsins og Haagsamningsins sé í senn nauðsynlegur og mikilvægur þáttur í vernd barna og ungmenna og lýsa Barnaheill yfir stuðningi við lagafrumvarpið.

Það vekur þó athygli að ekki er valin sú leið að lögfesta samningana í heild sinni, heldur er í lagafrumvarpinu lagt til að sett verði í einum lögum "nauðsynleg lagaákvæði, sem setja þarf til þess að hægt verði að standa við skuldbindingar sem aðildarríki gangast undir samkvæmt samningnum". Fram kemur að sami háttur hafi verið hafður á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og að höfundar frumvarpsins hafi stuðst við þau lög við samningu þess.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að eini milliríkjasamningurinn á þessu sviði, sem Ísland er aðili að, er Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðinu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931. Ákvæði samningsins taka eingöngu til barna giftra foreldra. Ísland hefur hins vegar ekki, eitt Norðurlandanna, fullgilt Norðurlandasamning frá 1977, um viðurkenningu og fullnustu norrænna einkamálaákvæðana, sem heimilar að fullnægja ákvörðunum um forsjá, umgengisrétt eða afhendingu á barni sem teknar eru í einu Norðurlandanna í einhverju hinna, ef ákvörðun er fullnustuhæf í því landi þar sem hún var tekin. Tekur þessi samningur bæði til barna giftra og ógiftra foreldra.

Í athugasemdunum við lagafrumvarpið kemur ekki fram af hvaða ástæðum Ísland hefur ekki fullgilt Norðurlandasamninginn frá 1977. Verði það gert mun hann ganga framar Evrópusamningnum í samskiptum Íslands við önnur norræn ríki, eftir því sem segir í


athugasemdunum. Barnaheill telur nauðsynlegt að Alþingi kanni hvort ekki beri að fullgilda hér á landi umræddan Norðurlandasamning.

Í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða kostnað af málum samkvæmt Evrópusamningnum, en í 2. mgr. 19. gr. er gerður fyrirvari um greiðslu kostnaðar af máli samkvæmt Haagsamningnum. Í 2. mgr. 26. gr. Haagsamningsins kemur fram sú meginregla að beiðandi skuli ekki hafa kostnað af meðferð mála samkvæmt samningnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ísland notfæri sér heimild í 3. mgr. 26. gr. samningsins til þess að gera fyrirvara skv. 42. gr. hans um að það sé ekki skuldbundið til að greiða kostnað af máli, nema að því leyti sem hann væri greiddur samkvæmt reglum um opinbera réttaraðstoð. Málsaðili í máli samkvæmt Haagsamningnum verður því að sækja um gjafsókn eftir almennum reglum sem fram koma í XX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Uppfylli málsaðili ekki hin almennu skilyrði gjafsóknar í 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, verður honum ekki veitt gjafsókn.

Það orkar að áliti Barnaheilla tvímælis að í frumvarpinu skuli vera gerður fyrirvari um kostnað af málum samkvæmt Haagsamningnum. Það sé athugunarefni hvort lagafrumvarpið hefði ekki átt að geyma ákvæði er gangi frammar hinum almennu skilyrðum gjafsóknar í 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, þannig að sá er beiðist afhendingar barns samkvæmt Haagsamningnum skuli hafa gjafsókn fyrir dómstólum, eða það sé á annan hátt tryggt að hann hafi ekki kostnað af málinu í samræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 2. mgr. 26. gr. samningsins.

Eins og fyrr segir er almennt viðurkennt að lögfesting Evróusamningsins og Haagsamningsins sé í senn nauðsynlegur og mikilvægur þáttur í vernd barna og ungmenna og lýsa Barnaheill yfir stuðningi við lagafrumvarpið. Barnaheill telja þó rétt að taka fram að vegna þess skamma tíma, sem allsherjarnefnd hefur veitt til umsagnar um frumvarpið, gafst ekki tóm til þess að rannsaka ofan í kjölinn hvort með frumvarpinu sé lagt til að lögfest séu öll þau ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að Ísland geti talist hafa fullgilt Evrópusamninginn og Haagsamninginn. Samtökin Barnaheill eru reiðubúin að taka slíka rannsókn að sér og veita allsherjarnefnd frekari umsögn um frumvarpið verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla



Kristín Jónasdóttir, framkv.stjóri.